



Faghópur IV

Fundargerð 14. fundar, Orkustofnun 15. des. 2009, kl. 15:00

Mættir: Guðni A. Jóhannesson, Agnar Olsen, Guðmundur Þóroddsson, Jakob Sigurður Friðriksson, Ómar Örn Ingólfsson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Gestir: Jónas Ketilsson og Ívar Þorsteinsson frá Orkustofnun.

1. **Fundargerð** síðasta fundar var samþykkt berist ekki athugasemdir innan tveggja sólarhringa
2. **Útreikningur á hagkvæmni virkjunarkosta á forræði Orkustofnunar.** Ívari var falið að reikna út hagkvæmni virkjunarkosta sem lúta forræði Orkustofnunar. Einnig skyldi reikna út áætlaðan kostnað við línulagnir (tengikostnað) allra kosta samkvæmt aðferðafræði hópsins. Ákveðið var að viðmiðunarkostnaður yrði 2,5 millj. dollara á hvert MW í jarðvarmavirkjunum en 2,9 millj. dollara viðvíkjandi vatnsaflskostum. Senda skal útreikninga til meðlima hópsins.
3. **Afkastageta háhitasvæða.** Jónas lagði fram skýrslu frá vinnuhópi sem faghópur 4 hafði falið að meta afkastagetu háhitasvæða. Í umræðumum niðurstöður skýrslunnar kom m.a. fram að líkleg orkugeta háhitasvæða sem liggja undir mati rammaáætlunar að frádregnum svæðunum við Geysi, Öskju, Kverkfjöll, Vonarskarð og Landamannalaugar væri u.þ.b. 25,3 TWh. (Undanskilin svæði: ca. 5.000 TWh.)
4. **Efnisyfirlit kafla faghópsins í lokaskýrslu.** Guðni kynnti drög að efnisyfirliti kafla faghóps 4 í lokaskýrslu rammaáætlunar:
 1. Inngangur
 2. Verkefni faghópsins
 3. Þátttakendur í faghópnum
 4. Niðurstöður úr 1. áfanga rammaáætlunar
 5. Aðferðafræði
 6. Val á virkjunarkostum
 7. Helstu gagnaveitur
 8. Mat á afli og orkugetu
 9. Mat á kostnaði og hagkvæmniflokkun
 10. Línulagnir, nálgunaraðferðir
 11. Niðurstöður – afl orka og kostnaður
 12. Niðurstöður – röðun eftir hagkvæmni
5. **Næsti fundur** faghópsins verður haldinn á Orkustofnun í lok janúar.

